

Félagsmála- og vinnumálastofnun Barnabæjar

Félagasmála- og Vinnumálastofnun starfar í samræmi við lög og reglur Barnabæjar þar sem sanngirnin er höfð að leiðarljósi.

1. Allir íbúar Barnabæjar eiga rétt á því að fá vinnu og laun.
2. Sinnir starfsmaður ekki vinnu sinni getur hann átt það á hættu að dregið verði af launum hans eða missa vinnuna. Stundvísi, samvinna og iðjusemi skipta þar mestu máli.
3. Missi starfsmaður vinnu sína, verður hann fyrir launatapi sem nemur 1/3 af launum hans eða sem samsvarar 500 besóa.
4. Tapi einhver vinnu sinni á hann rétt á aðstoð Félagsmála- og vinnumálastofnun sem getur falist í eftirfarandi;
 - a. Finna aðra vinnu, og þá fær starfsmaðurinn sömu laun og aðrir en hefur þó tapað 500 besóum þann dag er vinnuskiptin verða.
(ef vel gengur og íbúi sýnir sérstakan dugnað, getur hann náð að vinna upp launatapið sem verður við atvinnumissinn.)
 - b. Vinna í atvinnuúrræði á vegum Vinnumálastofnunar, og á þá rétt á atvinnuleysisbótum frá vinnumálastofnun sem nemur 2/3 eða 1.000 besóum dag hvern.
 - c. Hafni íbúi vinnu eða atvinnuúrræði á vegum stofnunarinnar á hann þess kost að fara í endurhæfingu og fær þá 1/3 af launum starfsmanna frírikisins eða 500.Besó hvern dag.
 - d. Hafni starfsmaður öllum úrræðum á vegum stofnunarinnar fer hann til dómar og getur þá átt á hættu að vera gerður útlægur í einn dag eða fleiri.